

24

9. febr.

SAMÞYKKT

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu,
nr. 148 frá 23. júní 1943.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hver hreppur sýslunnar skal vera sérstakt fjallskilasvæði. Í Patrekshreppi skal þriggja manna nefnd, kosin af hreppsnefnd, hafa stjórn fjallskilamálanna á hendi.

Samþykkt þessi, sem gerð er af sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. febrúar 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

25

14. febr.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Egilsstaða.

I. RAFORKA

Rafveita Egilsstaða selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Til lýsingar.

Um kwst.mæli á kr. 2.20 hverja kwst.

B. Til suðu.

Um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið er einungis seld raforka til fastengdra suðutækja.

C. Til vélareksturs.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.40 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 200.00 til kr. 250.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst., enda sé heimilt að rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.

D. Önnur raforkunotkun.

Aðra raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á, er þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir: